

Titill: Leikhússport 1

Skammstöfun: **LEIK2BS05**

Námsgrein: Leiklist

Viðfangsefni: Leikhússport

Þrep: 2

Einingafjöldi: 5

Forkröfur: LEIK2AB05

Áfangalýsing:

Markmið áfangans er að þjálfa nemendur í spunavinnu og gefa þeim grunn til að geta tekið þátt í Leikhússporti og leikhússportkeppni. Nemendur eru þjálfaðir í að vera fljót að grípa til sjálfsprottinna leiða til að nýta sér tækni leikhússportsins til að þróa spuna sem segir sögu og hefur skemmtigildi.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Gildi snerpu í spuna og leiklist almennt
- Mikilvægi samvinnu og samspils
- Hlustun
- Að taka við „boltanum“ og gef‘ann
- Þekkja reglur og stíla leikhússportsins
- Mikilvægi þess að segja sögu
- Skapandi hugsun
- Mikilvægi ímyndunaraflsins í spunavinnu

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Að vinna með spuna á mismunandi hátt
- Að vinna með mismunandi leikhússportstíla
- Samvinnu í spunasýningum
- Einbeita sér í spunaaðstæðum
- Hlusta sig inn á aðstæður í spuna
- Hlusta á meðleikara í spuna
- Gefa og þiggja í leikrænum aðstæðum
- Skapandi hugsun
- Segja sögu í spuna
- Vinna með líkamann í spuna
- Beita rödd og framsögn í spuna

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Taka þátt í leikhússporti og leikhússportkeppni fyrir framan áhorfendur
- Segja sögu í spuna
- Vinna með spuna út frá tillögum áhorfenda
- Skapa trúverðugar aðstæður í spuna á mjög stuttum tíma
- Skapa trúverðugar persónur án undirbúnings
- Vinna með líkama og rödd í leiklist
- Virkja ímyndunaraflið í tengslum við skapandi vinnu

Námsmat

Áfanginn er próflaus. Leiðsagnarmat er á vinnu nemenda í tímum alla önnina. Gert er ráð fyrir að allir nemendur áfangans taki þátt í *Sleiktu hnetur* keppni í skólanum. Þátttaka í *Sleiktu hnetur* keppninni er metin til sérstakrar einkunnar. Vinningsliðið í *Sleiktu hnetur* keppir í *Leiktu betur*, leikhússportkeppni framhaldsskólanna.